

Tillaga til þingsályktunar

um réttlát græn umskipti.

Flm.: Oddný G. Harðardóttir, Dagbjört Hákonardóttir, Hilda Jana Gísladóttir,
Jóhann Páll Jóhannsson, Kristrún Frostadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tímasetta og fjármagnaða aðgerðaáætlun til að tryggja réttlát græn umskipti og leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl 2023. Við gerð aðgerðaáætlunarinnar verði kallað eftir samráði við verkalýðsfélög, sveitarfélög og atvinnurekendur. Markmið áætlunarinnar verði að koma í veg fyrir það ójafnrétti sem hlotist getur af loftslagsvá og tryggja að grænu umskiptin ýti undir aukinn jöfnuð í samfélaginu ásamt því að fjárlög og fjármálaáætlanir endurspegli vilja Íslands til að standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi í loftslagsmálum.

Greinargerð.

Réttlát umskipti í átt að kolefnishlutlausri framtíð er eitt brýnasta umhverfis-, samfélags- og efnahagsmál samtímans. Með grænum umskiptum þarf að tryggja að aðgerðir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum ýti ekki undir aukinn ójöfnuð í samfélaginu. Samræma þarf aðgerðirnar með það að markmiði að tryggja mannsæmandi störf og lífskjör.

Þjóðir heims höfðu sameinast um það að árið 2020 ætti að einkennast af loftslagsaðgerðum á alþjóðavísu en málefnið hefur fallið í skuggann af alheimsfaraldri kórónuveiru og áhrifum hans. En þó að langþráður árangur sé að nást við að hemja heimsfaraldurinn er hamfara-hlýnunin því miður ekki á undanhaldi. Því er nauðsynlegt að setja fram metnaðarfull markmið og áætlanir sem sýna vilja Íslands til að axla ábyrgð í loftslagsmálum og víkja sér hvergi undan ábyrgð í þessu stærsta viðfangsefni mannkyns. Íslensk stjórnvöld verða því að sýna metnaðarfullri útfærslu á áformum sínum um kolefnishlutleysi árið 2040 til að uppfylla skuldbindingar Parísarsamkomulagsins, standa við enn óljós markmið með Noregi og ESB um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og standa við sameiginlega Helsingforsyfirlýsingu forsætis- og umhverfisráðherra Norðurlanda um að norræn ríki ætli sér að leiða baráttuna gegn loftslagsbreytingum.

Í skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC) kemur fram hvað þær sviðsmyndir sem stuðla að 1,5°C eða 2,0°C hlýnun krefjast mikilla fjárfestinga. Sviðsmynd OECD fyrir 2,0°C hnattræna hlýnun er eina sviðsmyndin sem tekur tillit til fjárfestinga í samgönguinnviðum og öðrum innviðum auk fjárfestinga í orkuvinnslu og orkunýtni. Þar er áætlað að árlegar fjárfestingar þurfi að nema því sem samsvarar 6,0% af landsframleiðslu heimsins, annars vegar 4,0% vegna samgönguinnviða og annarra innviða og hins vegar 2,0% vegna orkuvinnslu og orkunýtni. Þar sem endurnýjanleg orkuvinnsla hefur verið tekin upp hér á landi standa eftir fjárfestingar vegna samgönguinnviða og annarra innviða sem þurfa samkvæmt þessu að vera 4,0% af vergri landsframleiðslu (VLF) til að mæta alþjóðlegum kröfum. Fjögur prósent af VLF miðast þó við 2,0°C hlýnun. Ljóst er að miða þarf við hærri prósentu af VLF til að ná 1,5°C markmiðinu sem Ísland og önnur ríki hafa lýst yfir vilja til að ná. Stjórnvöld

bera ábyrgð á þessari fjármögnun ásamt atvinnulífinu og ljóst er að betur má ef duga skal í útgjöldum til málaflokksins. Þar þurfa framlög íslenska ríkisins að duga fyrir metnaðarfullri markmiðum en núverandi stjórnvöld setja sér. Einnig þarf að draga úr fjárframlögum til aðgerða sem stuðla að aukningu losunar og nýta fjárhagslegar ívilnanir og skattkerfið með mun markvissari hætti en nú er gert í þágu loftslagsmála. Samfylkingin vill sjá mun meiri metnað íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum en þau sýna í fyrirbyggjandi fjármálaáætlun.

Fjárlög og fjármálaáætlanir þurfa að endurspegla vilja Íslands til að standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi og verða að sýna skýrari merki en nú um metnað stjórnvalda í loftslagsmálum. Einnig er ljóst að markaðsöflin munu ekki leysa loftslagsvandann upp á eigin spýtur. Þetta gildir jafnt um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og mótvægisáðgerðir. Til þess að hægt sé að draga með markvissum hætti úr losun gróðurhúsalofttegunda með grænni uppbyggingu þarf hið opinbera að taka frumkvæði og vísa veginn. Þetta á við um orkuskiptin, það þarf hærri og markvissari niðurgreiðslu rafmagnsbifreiða, aukna fjárfestingu í almenningsamgöngum, fjárfestingu í hringrásarhagkerfinu og í matvælaframleiðslu, að efla græna stjórnsýslu og innleiða græna fjárfestingaráætlun.

Engin samfélagssátt næst um hröð orkuskipti og aðrar breytingar á atvinnu- og lifnaðarháttum nema velferðarsjónarmið séu höfð að leiðarljósi og tryggt að kostnaður falli ekki á herðar tekjulægri hópa eða íbúa í dreifðum byggðum umfram aðra. Samkvæmt rannsókn sem unnin var af hópi hagfræðinga fyrir The Smith School of Enterprise and the Environment við Oxford-háskóla í maí 2020, sem byggðist á viðtölum við á þriðja hundrað sérfræðinga og stjórnenda í fjármálaráðuneytum og seðlabönkum víða um heim, eru fjárfestingar í grænni nýsköpun og þróun og uppbygging innviða og flutnings- og dreifikerfa fyrir endurnýjanlega orku á meðal þeirra efnahagslegu örvunaraðgerða sem hafa mikil margfeldisáhrif og eru þannig ákjósanlegar á krepputímum. Markmið um sjálfbærni og kolefnishlutleysi falla því vel að markmiðum um aukin lífsgæði og fjölgun starfa. Því er mikilvægt að koma á fót öflugum grænum fjárfestingarsjóði og auka til muna fjárframlög til almenningsamgangna og grænnar nýsköpunar.

Þá má nýta fjölda lausna og gagna sem til eru nú þegar til þess að stuðla að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og stemma með því stigu við loftslagsvánni. Líffræðilegur fjölbreytileiki hafsins skiptir okkur hér á landi miklu máli og verði þróunin þar ekki stöðvuð mun hún hafa slæm áhrif á fiskimiðin okkar og stórkostleg efnahagsleg áhrif um leið.

Evrópusambandið hefur sett á laggirnar sérstakt kerfi (e. *Just Transition Mechanism*) í því skyni að tryggja að umskipti í átt að loftslagshlutlausu hagkerfi (e. *climate-neutral economy*) verði réttlát og skilji engan eftir. Er það hluti af græna samfélagssáttmálanum (e. *European Green Deal*). Kerfið tekur á þeim félagslegu og efnahagslegu áhrifum sem umskiptin hafa í för með sér með markvissum stuðningi og sérstakri áherslu á svæði, atvinnugreinar og launafólk sem munu standa frammi fyrir stærstu áskorunum.

Við jafnaðarmenn viljum tryggja að grænu umskiptin verði sanngjörn og að allir fái að vera með. Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði hafa lagt ríka áherslu á réttlát græn umskipti og norrænt samstarf um það réttlætismál. Á endanum verða allir að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum en tryggja verður að kostnaður af grænum umskiptum lendi ekki þyngst á þeim sem minnst hafa milli handanna. Raunar gætu grænu umskiptin leitt af sér sanngjarnari skiptingu gæða en þekkist nú. Komi hins vegar til þess að fólk upplifi vaxandi ójöfnuð eða þurfi að taka á sig óhóflegar byrðar í baráttunni við loftslagsbreytingar mun það veikja stuðning við aðgerðir til langrar framtíðar. Það yrði einnig til þess að árangur næðist ekki í að vinna gegn þeirri ógn sem loftslagsvá af mannavöldum er. Ef grænu umskiptin í átt að kolefnishlutlausu samfélagi eru ekki nægilega vel skipulögð gætu ákveðin svæði, at-

vinnugreinar eða launafólk sem nú treystir á kolefnisfrekt hagkerfi og aðstöðu þurft að taka á sig stóran efnahagslegan og félagslegan toll vegna nauðsynlegra aðgerða í þágu umskiptanna. Tæknibyltingin opnar á fjölmörg tækifæri í grænu umskiptunum. Sama gildir þó um hana og grænu umskiptin, því að koma þarf í veg fyrir að tæknibyltingin auki ójöfnuð. Hún þarf þvert á móti að auka jöfnuð.

Grænu umskiptin munu eflaust leiða til breytinga á vinnumarkaði og tegundum starfa. Ný störf koma fram, önnur breytast og enn önnur gætu horfið. Finna þarf leiðir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi vegna umskiptanna og að þau sem hafa minnst milli handanna nú verði ekki fyrir slæmum áhrifum af þessari umbyltingu. Bestu lausnirnar fást með samvinnu og því þarf að tryggja að allir séu með í samtalinu um réttlát græn umskipti.

Markmiðið er að réttlát græn umskipti styrki velferðarkerfið og ábyrga efnahagsstjórn, og að þau stuðli að skipulögðum og heilbrigðum vinnumarkaði. Það þarf pólitíska forystu og sameiginlegt átak verkalýðshreyfinga, sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda til að tryggja réttlát græn umskipti.